

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 5. september 1968.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ara Jósefssonar, skálds.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Ara Jósefssonar skálds. Ari var fæddur á Blönduósi 28. ágúst 1939. Hann drukknaði 18. júní 1964.

2. gr.

Stofnendur eru ýmsir vinir Ara. Stofnfé er kr. 100 000.00. Sjóðinn má auka með gjöfum eða öðrum hætti. Sjóðinn skal ávaxta í opinberri lánastofnun eða verðbréfum tryggðum með 1. veðrétti í fasteignum eða með ríkisábyrgð, þar sem stjórn hans telur best henta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita verðlaun ungum skáldum eða öðrum listamönnum.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 5 menn. Einn tilnefndur af ættingjum og venzlamönnum Ara, annar af Rithöfundafélagi Íslands, þriðji af ritstjórum og blaðamönnum dagblaðsins „Þjóðviljinn“, fjórði af Samtökum hernámsandstæðinga og fimmti af Mími, félags stúdenta í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands. Hætti eitthvert ofangreindra félaga starfsemi sinni, er stjórn sjóðsins heimilt að leita til annarra aðila um tilnefningu.

5. gr.

Eigi má skerða höfuðstól sjóðsins meir en svo, að kr. 10 þúsund minnst standi ávallt inni á sjóðnum. Úthlutun skal fara fram á afmælisdegi Ara, 28. ágúst. Fyrsta úthlutun 28. ágúst 1968, hefur þegar farið fram.

6. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðast af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema með einróma samþykkt sjóðsstjórnar.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og er þar með úr gildi fallin eldri skipulagsskrá sjóðsins frá 2. apríl 1966.